

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Margrét Geirsdóttir  
Dags. 3. mars 2023  
Mnr. 2023010017



ÍSAFJARÐARBÆR

## Samræmd móttaka flóttafólks

Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur hafa frá því í mars 2022 tekið á móti og veitt tæplega þrjátíu einstaklingum á flóttáþjónustu.

Undirrituð telur svigrúm fyrir móttöku allt að fjörutíu einstaklinga á grundvelli þjónustusamnings um samræmda móttöku flóttafólks til ofangreindra sveitarfélaga.

Meðfylgjandi minnisblaði þessu eru drög að þjónustusamningi á milli Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, Fjölmenningsseturs og Ísafjarðarbæjar. Með vísan til 4. gr. samningsins er ætlunin að veita að lágmarki 30 en að hámarki 40 notendum þjónustu á grundvelli samningsins og að hámarki 40 notendum þjónustu á 1. ári í samræmdri móttöku.

Gert er ráð fyrir að bæjarstjóri undirriti samninginn í mars 2023, af hálfu Ísafjarðarbæjar. Sótt hefur verið um afturvirkni samningsins að því leyti sem mögulegt er og er það mál í skoðun.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 var ekki gerð áætlun um kostnað af móttökunni en hins vegar gert ráð fyrir að mögulegum kostnaði yrði mætt með framlögum frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.

Óskað er eftir samþykki fyrir því að Ísafjarðarbær taki á móti allt að 40 einstaklingum í samræmdri móttöku flóttafólks á grundvelli meðfylgjandi kostnaðarlíkans, kröfulýsingar og draga að þjónustusamningi. Fólkið verði búsett í Súðavík og í Ísafjarðarbæ.

Virðingarfyllst,

Margrét Geirsdóttir,  
sviðsstjóri velferðarsviðs